

**Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1958 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 93 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.